



SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

SKÓINNFLUTNINGAR FRÁ KÍNA OG VIETNAM

NEYTENDUR, SMÁSALAR & INNFLYTJENDUR Á MÓTI VERNDARTOLLUM

22. FEBRÚAR 2006

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er að kanna innflutning á skófatnaði úr leðri frá Kína og Víetnam. Eftir beiðni frá nokkrum evrópskum framleiðendum þá hefur ESB tíma til 7. apríl til að ákveða hvort leggja eigi á verndartolla.

BEUC og EuroCommerce hvetja Framkvæmdastjórn ESB og hin 25 aðildarþjóðir ESB til að leggja ekki verndartolla á skóinnflutning frá Kína og Víetnam. Verndaraðgerðirnar sem nokkrir evrópskir framleiðendur fara fram á þjóna ekki hagsmunum evrópskra neytenda, smásala og innflytjenda.

Sérhver innleiðing verndartolla á skóinnflutning myndi óhjákvæmilega leiða til hækkunar á verði til neytenda. EuroCommerce telur að áhrifin á hvert skópar myndi nema 10 evrum eða meira, eftir gerð og gæðum skónna. Þetta myndi hafa sérstaklega skaðleg áhrif á tekjulægri heimili í Evrópu, einkum fjölskyldur með ung börn, sem þurfa að verja miklum útgjöldum til kaupa á skóm og fatnaði.

“Verðhækkanir til neytenda vegna verndartolla er óskilvirk leið, jafnvel þótt slíkt sé gert í þágu góðs málstaðar” er haft eftir framkvæmdastjóra BEUC Jim Murray. “Varðandi þetta mál þá óttumst við að slíkir tollar myndu vinna gegn samkeppni, vera andstæðir neytendum og verndartollar í neikvæðasta skilningi þess orðs”.

- Evrópskir framleiðendur geta ekki mætt eftirspurn markaðarins vegna mikils framleiðslukostnaðar, og þetta birtist í háu verði til neytenda. Smásalar og innflytjendur eiga ekki annars úrkosti en að finna og flytja inn leður skófatnað frá löndum utan ESB til þess að geta mætt vaxandi eftirspurn með tilboðum um besta verð og gæði.

“Innleiðing verndartolla myndi hafa neikvæð áhrif á hagvöxt til lengri tíma. Þetta hefði engin áhrif á atvinnustig fyrir evrópska framleiðendur, en hefði skjót og langvarandi neikvæð áhrif á þjóðfélögin”, sagði Xavier R. Durieu, framkvæmdastjóri EuroCommerce.

EuroCommerce a.i.b.s.

Avenue des Nerviens 9, B-1040 Brussels

Tel.: +32 2 737 05 87 - Fax: +32 2 230 00 78 - E-mail: kamphoener@eurocommerce.be - <http://www.eurocommerce.be>

BEUC - Bureau Européen des Unions de Consommateurs - The European Consumers' Organisation

Avenue de Tervueren 36, bte 4, B-1040 Bruxelles

Tel.: +32 2 743 15 90 - Fax: +32 2 740 28 02 - E-mail: consumers@beuc.org - <http://www.beuc.org>

- Yfirleitt hvetur verndarstefna til óskilvirkni sem skaðar fyrirtækin og neytendur. Rannsóknir, endursköpun og nýsköpun væru miklu betri framlög til að skapa viðvarandi vöxt.
- Litlir smásalar og innflytjendur sem væru ófærir um að viðhalda núverandi verði myndu verða fyrir verstu áföllunum af áætluðum verndartollur. Margir innflytjendur hafa þegar pantað og greitt fyrir skóinnflutning fyrir mörgum mánuðum. Innleiðing verndartolla myndi hafa mjög alvarleg og skaðleg áhrif á lítil fyrirtæki með þröngt vöruval skófatnaðar.
- Verslunin þarf fyrirsjáanlegt og lagalega tryggt umhverfi til þess að geta gert áætlanir, fjárfest og pantað vörur. Ef skammtíma verndartollar taka gildi þá munu innflytjendur með langvarandi samninga hafa lítinn tíma til að aðlaga sig að þeim en kostnaðarávinningur sem af slíkum samningum leiðir myndi glatast.

Á almennari nótum, þá myndi innleiðing verndartolla stangast á við útflutningshagsmunum ESB. Kína með 1,3 milljarða neytendur og Víetnam með 83 milljónir neytenda eru mikilvægir útflutningsmarkaðir fyrir ESB. Það er því afar þýðingarmikið að viðhalda jafnræði á markaði fyrir vöru- og þjónustuútflutning ESB.

EuroCommerce er fulltrúi smásölu-, heilðsölu- og alþjóðlegrar verslunargreina í Evrópu. Félagsmenn eru yfir 100 samtök verslunarfyrirtækja í 28 Evrópulöndum, evrópsk samtök og samtök einstakra landa fyrir ákveðnar greinar verslunar og einstök fyrirtæki. Verslunin er nánasti hlekkur á milli iðnaðar og hinna 450 milljón neytenda í Evrópu. Hún er líka stærsta neytendamiðaða markaðsþjónusta í Evrópu. Hún er kröftugur og vinnufrekur atvinnurekstur sem hefur mikla þýðingu í hagkerfi Evrópu, skapar 13% af vergum þjóðartekjum í ESB löndum í 5,5 milljón fyrirtækjum. 95% þeirra eru smáfyrirtæki, sem hafa afgerandi þýðingu fyrir hagkerfi Evrópu og atvinnumöguleika fólks þar. Atvinnugreinin er aðaluppspretta fyrir atvinnusköpun og veitir 27 milljón manns úr öllum stigum þjóðfélagsins vinnu og er ein fárra greina sem skapar aukin atvinnutækifæri.

www.eurocommerce.be

BEUC, Neytendasamtök Evrópu, eru samtök með aðsetur í Brussel sem ná yfir 40 sjálfstæð landssamtök neytenda í 29 Evrópulöndum. Síðan 1962 hefur starf þeirra falist í því að hafa áhrif á stefnumótun ESB í málefnum sem varða hagsmunum neytenda. Í dag hefur það meðal félaga sinna neytendasamtök frá öllum, nema einu, nýju aðildarlöndum Evrópusambandsins.

www.beuc.org

Neytendasamtökin eru landssamtök neytenda á Íslandi og eiga aðild að **BEUC** sem þau vinna með að hagsmunum neytenda. www.ns.is

SVP-Samtök verslunar og þjónustu eru landssamtök verslunar- og þjónustugreina á Íslandi sem eiga aðild að **EUROCOMMERCE** og taka þátt í starfi þeirra samtaka. Yfir 21 þúsund manns vinna við verslun á Íslandi, bæði á heilðsölu- og smásölustigi. www.svth.is